

Skipulagsstofnun
b/t Jón Ágúst Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

26. ágúst 2025
UOS2507031/A.Ö.H

Efni: Umsögn um umhverfismatsskýrslu – Vindorkuver að Hróðnýjarstöðum

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 2. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um ofangreinda umhverfismatsskýrslu.

StormOrka ehf. áformar að reisa vindorkugarð í landi Hróðnýjarstaða í sveitarfélaginu Dalabyggð. Fyrirhuguð áform gera ráð fyrir reistar verði 18 vindmyllur sem hver um sig framleiðir 6,6 MW, með áætlað 119MW heildarafl. Ekki er búið að taka endanlega ákvörðun um hvaða vindmyllur verði notaðar, en áætlað er að nota SG 6.6-155 vindmyllur frá SiemensGamesa sem hafa 90m háan turn með spaðalengd uppá 76,5m. Hæsti punktur verði ekki hærri en um 167,5m á hæð, með spaða í efstu stöðu. Áætluð heildarefnispörf fyrir framkvæmdina er 200.000 m³.

Umfjöllun Umhverfis- og orkustofnunar

Í 3. gr. laga nr. 110/2024 um hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar eru talin upp málefni sem falla undir starfsemi Umhverfis- og orkustofnunar.

Í 22. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana kemur fram að vinna skuli skýrslu um umhverfismat hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar og taldar upp þær upplýsingar sem skýrslan skuli innihalda. Hefur skipulagsstofnun óskað eftir umsögn Umhverfis- og orkustofnunar, byggða á 23. gr. sömu laga.

Umhverfis- og orkustofnun hefur farið yfir umhverfismatsskýrsluna með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, eftir því sem stofnunin telur að eigi við.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að stofnuninni er heimilt að binda virkjunarleyfi, sem stofnunin gefur út, skilyrðum skv. 5. gr. raforkulaga. Þar kemur m.a. fram að

stofnunin getur sett skilyrði fyrir útgáfu virkjunarleyfis er lúta að því að tryggja nægilegt framboð raforku, öryggi, áreiðanleika og skilvirkni raforkukerfisins og nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Enn fremur má setja skilyrði er lúta að umhverfisvernd, landnýtingu og tæknilegri og fjárhagslegri getu virkjunarleyfishafa. Tengisamningur við flutningsfyrirtækið eða dreifiveitu á því dreifiveitusvæði sem virkjunin er á skal liggja fyrir þegar sótt er um virkjunarleyfi.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að skv. ákvæðum 4. til 6. greina laga nr. 48/2011 um verndar-og orkunýtingaráætlun er stjórnvöldum einungis heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknnum og orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í orkunýtingarflokki.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að framkvæmdin hefur ekki verið flokkuð í orkunýtingarflokk rammaáætlunar.

Olíumengun

Í umhverfismatsskýrslunni er tekið fram að algengasta umhverfisáhættan af rekstri vindmylla sé óvæntur olíuleki og eru taldar upp mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir að olíumengun berist í jarðveg og vatn. Er m.a talið upp að gerðar verði ráðstafanir fyrir „örugga geymsluaðstaðu efna“. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að ekki er tekið fram í skýrslunni hvort eða hversu mikið magn olíu verði geymd á framkvæmdarsvæðinu s.s fyrir rekstur vinnuvéla meðan á framkvæmd stendur eða við rekstur vindorkuversins.

Steypustöð

Í skýrslunni kemur fram að gert sé ráð fyrir tímabundinni steypustöð á framkvæmdarsvæðinu, sem myndi sjá um að steypa undirstöðurnar undir vindmyllurnar. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að rekstur steypustöðva er skráningarskyldur sbr. reglugerð nr. 830/2022 og ber rekstraraðili ábyrgð á skráningunni sbr. 6. gr. sömu reglugerðar.

Hljóðvist

Í skýrslunni er tekið fram í kafla 6.5.1. „að engin mylla sé í minni fjarlægð frá næsta lögbýli en sem nemur 2 km“. Sá viðtaki sem líklegastur er til að verða fyrir

hávaðamengun frá vindorkuverinu er einbýlishúsið að Hróðnýjarstöðum I, sem er í um 1km fjarlægð frá vindmyllu S14.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að vindmylla S18 er í um 2,5km fjarlægð frá svæði sem merkt er frístundabyggð F-23 skv. aðalskipulagsuppdrætti Dalabyggðar¹. Stofnunin ítrekar að mörk hávaða við frístundabyggð má ekki fara yfir 35dB frá atvinnustarfsemi sbr. viðauka reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.

Í skýrslunni kemur fram að hávaði sem myndast af vinmyllum skiptist í vélrænan og loftaflsfræðilegan hávaða. Vélrænn hávaði kemur frá vélbúnaði vindmyllunnar.

Loftaflsfræðilegur hávaði verður til vegna loftstreymis yfir spaðana og eykst hann með snúningshraða þeirra og ókyrrð í loftflæði. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að ekki er nægilega vel útskýrt hvort um vélrænan hávaða eða Loftaflsfræðilegan hávaða sé að ræða, eða hvort um sé að ræða samlegðaráhrif beggja.

Stofnunin bendir einnig á að vegna fjölda óvissupátta beri rekstraraðila að hafa tiltækar mótvægisáðgerðir, verði vart við hávaða yfir mörkum sem gefin eru upp í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Ískast

Í skýrslunni er tekið fram að ísingarhætta á vindmylluspöðum sé ólíkleg á þessu svæði samkvæmt líkana útreikningum. Það getur þó gerst og eru taldar upp mótvægisáðgerðir sem eru til þess gerðar að bæði koma í veg fyrir uppsöfnun ísingar og takmarka aðgengi manna og dýra að svæðinu. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að ekki sé útskýrt hvernig óviðkomandi verði meinaður aðgangur að svæðinu. Stofnunin bendir einnig á að skoða þurfi fleiri mótvægisáðgerðir s.s. uppsetningu upplýsingaskilta fyrir ferðamenn með nægilegri öryggisfjarlægð ásamt annarri upplýsingargjöf.

Vatnamál

Í skýrslunni er tekið fram í 8. kafla að „Áætlanir StormOrku gera ráð fyrir að lagt verði mat á áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot þegar leyfi liggja fyrir“.

¹ [Aðalskipulagsuppdráttur Dalabyggðar 3/5](#)

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að leyfisveitendur geta ekki gefið út leyfi nema að áhrifamat á vatn liggi fyrir og að tryggt sé að leyfið sé í samræmi við stefnumörkun í vatnaáætlun og lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála (gr. 28). Framkvæmdaraðili skal því meta möguleg áhrif framkvæmdar/starfsemi á vatn og hvort að umhverfismarkmið vatnshlota muni nást.

Gefnar hafa verið út leiðbeiningar fyrir *Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot*². Framkvæmdaraðili þarf að meta möguleg áhrif (bein og óbein) á alla þá gæðapætti sem framkvæmdin eða starfsemin kann að hafa áhrif á, svo sem uppbyggingar vindmylla og aðkomuvega, efnistöku, og tengdum framkvæmdum, ásamt áhrifum rekstrar ef einhver eru. Ef talið er að áhrif verði engin skal rökstyðja það.

Markmið laga um stjórn vatnamála er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar.

Öll yfirborðsvatnshlot eiga að vera í a.m.k góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi og grunnvatnshlot eiga að hafa góða magnstöðu og vera í góðu efnafræðilegu ástandi. Þetta eru hin eiginlegu umhverfismarkmið vatnshlota. **Umhverfismarkmið þeirra eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlota aldrei hnigna frá því sem umhverfismarkmið þeirra segja til um, hvorki varanlega né tímabundið.**

Örplast

Umhverfis- og orkustofnun vill benda á að ekkert er fjallað um myndun örplasts frá vindmyllunum og áhrif þess á umhverfið í umhverfismatsskýrslunni.

Í skýrslu sem unnin var fyrir Umhverfisstofnun Noregs árið 2020³ kemur fram að uppspretta örplasts frá vindmyllum sé aðallega vegna slits á fremri brún vindmylluspaðanna og sé háð ýmsum þáttum s.s úrkomu. Áætlað er í þeirri skýrslu að á bilinu 10 til 170 tonn af örplasti komi frá þeim 800 vindmyllum sem voru starfandi á því ári í Noregi. Tekið er fram að matið sé byggt á mjög takmörkuðum grunni.

² <https://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/ahrifamat-fyrir-vatnshlot/>

³ [Norske landbaserte kilder til mikroplast](#)

Umhverfis- og orkustofnun leggur áherslu á að framkvæmdaraðili leiti upplýsinga hjá framleiðendum um slit á vindmylluspöðunum sem til stendur að nota. Einnig þarf að skýra hver áhrif veðrunar eru á vindmylluspöðum við íslenskar aðstæður.

Umhverfis- og orkustofnun ítrekar mikilvægi þess, að gerð verði áætlun um mótvægisaðgerðir til að draga úr myndun örplasts frá vindmyllunum.

Niðurlag

Umhverfis- og orkustofnun leggur áherslu á, að leitað sé leiða til að lágmarka myndun örplasts frá vindmyllunum og að komið verði með mótvægisaðgerðir sem lágmarki myndun þess.

Stofnunin leggur áherslu á mikilvægi þess að við framkvæmdina sé mengun haldið í lágmarki, s.s. við flutninga, frá vinnuvélum, steypustöð og vindmyllunum sjálfum.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að ýmsir þættir framkvæmdarinnar geta verið starfsleyfisskyldir og mikilvægt að sótt sé um öll tilskilin leyfi.

Virðingarfyllst,

Rán Jónsdóttir
verkfræðingur

Arnar Össur Harðarson
sérfræðingur